

Fundargerð stjórn ÍSS 2023 - 2024

Fundarstjóri:	Svava Hróðný Jónsdóttir	Fundur nr:	8
Fundarritari:	Þóra Sigríður Torfadóttir	Staðsetning:	fjarfundur
Mætt:	TEAMS	Fjarverandi	Dags : 5/12/2023
Svava Hróðný Jónsdóttir (SHJ)	X	<input type="checkbox"/>	Frá : 19:00
Ingibjörg Pálsdóttir (IP)	X	<input type="checkbox"/>	Næsti fundur: 9.janúar 2024
Þóra Sigríður Torfadóttir (ÞST)	X	<input type="checkbox"/>	
Lonni Björg Hansen (LBH)	X	<input type="checkbox"/>	
Rakel Hákonardóttir (RH)	X	<input type="checkbox"/>	
Kristel Björk Þórisdóttir (KBÞ)	X	<input type="checkbox"/>	
Guðrún Brynjólfsson (GB)	<input type="checkbox"/>	X	
Framkvæmdastjóri	X		
Aðrir:			

Fundarefni

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Lokið Ólokið

Samþykkt

2. Skautari ársins

Lokið Ólokið

Afreksnefnd tilnefni Júlíu Sylvíu sem skautakonu ársins og sendir rökstuðning við því. IP spyr hvort mætti skipta upp skautakonu/karli ársins í sitthvora tilnefninguna. SHJ nefni að það megi alveg en höfum ekki átt keppendur af báðum kynjum í hærri keppenda aldri. SHJ áréttar að við erum einnig með Skautahlaup undir okkar merkjum og í framtíðinni þurfum við að hugsa til þess.

Allir samþykkir vali á Júlíu Sylvíu sem skautakonu ársins 2023.

Umsjónarmaður:

3. Val á Norðurlandamót

Lokið Ólokið

Þóra er vanhæf og situr hjá í þessari umræðu.

SHJ talaði við Júlíu Sylvíu um hvort hún vilji keppa í Senior eða Junior og vill hún vera í Senior.

Val í Senior flokki er Júlía eina fyrir valinu og er hún samþykkt. Eigum þrjú sæti í Senior.

Junior, erum með tvo skautar sem koma til greina og ná viðmiðum, ekki mælt með varamanni.

Lena og Freydis eru því valdar að keppa í Junior flokki.

Advanced Novice eigum við 4 sæti og þær tilnefna 4 og 1 varamann.

Sædis Heba, Elín Katla, Berglind Inga og Katla Karítas eru valdir sem aðalmenn og varamaður er Indíana Rós og eru allir samþykkir þessu vali.

Afreksstjóri (SHJ) mun senda val á Norðurlandamót á alla þátttakendur sem fyrst.

Umsjónarmaður: Skrifstofa

4. Val á RIG

Þóra situr hjá í þessum lið einnig.

Lokið Ólokið

SHJ bað afreksnefnd um lista yfir þá sem geta verið í vali til að keppa á RIG óháð stigum og öðru. Afreksnefnd valdi alla sem hafa keppnisrétt í Advanced Novice, Junior og Senior og eru allir samþykkir fyrir því að allir fái leyfi til að keppa á RIG þar sem það er alþjóðlegtmót sem haldið er á Íslandi. Allir þurfa að skrá sig og þarf að minna félögin á skráningar fyrir RIG.

Umsjónarmaður: Afreksstjóri, SHJ

5. Keppni á alþjóðlegu móti með hópi hæfileikamótunar

Þóra situr hjá.

Lokið Ólokið

Sonja Heine, hér er mót sem við myndum bjóða hæfileikamótun sem og landliði. SHJ og MF nefna að það gæti orðið svo að við fáum ekki sæti fyrir alla ef það er mikil aðsókn. MF nefnir að við gætum lent í því að þurfa að velja og afmarka hverjir komast eins og þar sem við eigum marga skautara í t.d Advanced Novice. SHJ nefnir hvernig ætti að velja á mótið ef um takmarkanir koma á hversu marga við getum tekið með. MF nefnir hvort við ættum að setja niður markmið og flokka niður valið og slíkt.

Fengum lista yfir Advanced Novice, Junior og Senior en vantar lista yfir Basic Novice, afreksnefnd nefnir að það eigi að tala við félögin um hvaða skautara úr Basic Novice þau myndu vilja senda á mótið. Gott væri að funda með þjálfurunum gagnvart þessu móti og stilla saman strengi. IP spyr um kostnað, SHJ nefnir að ÍSS greiði kostnað liðsstjóra. Afreksnefni getur sótt um 30.þús styrk fyrir hvert alþjóðlegtmót. SHJ áréttar að við getum ekki lofað öllum að fara en getum kannað hverjir vilja fara og skrá þá sem vilja fara með fyrirvara um þátttöku. MF nefnir að það sé óskrifað samkomulag á milli Norðurlandanna að reyna að skrá skautara á alþjóðlegmót hjá hvort öðru til að sýna samstöðu.

Samþykkt að eiga samtal við þjálfara og stjórn samþykkir þetta mót.

Umsjónarmaður: Afreksstjóri, SHJ.

6. Nordic Rules Breytingatillögur

Enginn sem sendi breytingartillögu á Nordics Rules. Tillögur sem voru sendar inn í fyrra sem voru sendar inn of seint sem eiga að vera ræddar á þessu ári, SHJ og MF nefna að þær voru að spá í dómara panel en vilja ekki koma með breytingar vegna þessa og sjáum hver umræðan verður á Nordic Meeting á mótinu.

Lokið Ólokið

Umsjónarmaður:

- a. Dómgæsla í grunnprófum: þetta er það sem stjórn bað tækninefnd að skoða varðandi fjölda dómara á panel á grunnprófum. Stjórn fer yfir lið fyrir lið þá punkta sem Tækninefnd samþykkti og vann út frá okkar tillögum
- i. Fyrir mynstur 18 og 19 að þurfi 2 dómara ekki 2dómara og 1TS, Stjórn samþykkir.
 - ii. Element fara niður í 2 dómara en ekki 3 eins og er núna, passa að einn dómari sé með landsréttindi eða hærra eins og er enn þann dag í dag. Stjórn samþykkir
 - iii. Element fyrir ISU flokka, hér er verið að passa að það megi vera TS sem og TC.
LBH spyr hver er munur TS og TC, MF fer yfir muninn. Hér þarf sitthvora stöðuna fyrir ISU hópa. Stjórn samþykkir.
 - iv. TS sem er starfandi þjálfari geti dæmt hjá öðru félagi, tækninefnd biður stjórn um að taka loka ákvörðun. SHJ nefnir að allstaðar annarsstaðar í heiminum er krafa um að TS sé einnig starfandi innan íþróttarinnar t.d þjálfarar. KBP nefnir að við hljótum að eiga að geta treyst einstaklingum í að vinna sína vinnu faglega, enda er verið að vinna eftir siðareglum og ætti því að koma fljótt í ljós ef fólk sé að misnota aðstöðu sína. LBH tekur undir orð KBP. Ef einstaklingur verði uppvís um að sinna ekki starfi sínu eftir siðareglum þá er tekið á því fljótt og endurskoða hlutina ef þeir ganga ekki upp. Fólk getur misst réttindi sín alveg ef það verður uppvísa um að starfa ekki af heilindum.
Stjórn samþykkir að TS getur einnig verið starfandi þjálfari og dæmt í grunnpróf í hjá öðru félagi.

B. Reglugerð 201, MF nefnir að bíða með að fara yfir reglugerða breytingar fram til janúar þar sem fleiri reglugerða breytingar geta komið upp. MF fer lauslega yfri skjalið, þetta er málefni sem þarf aðeins að klára fyrir skautþing í vor (2024)

c. Dómaranámskeið: farið yfir skjalið. Sett spurningarmerki við að sagt er „einhvern kostnað“ við að setja upp webinar, við þurfum að fá að vita hver kostnaðurinn er við að setja upp webinar. Er hugsaði ekki aðeins fyrir nýliða heldur einnig endurmenntun. MF nefnir að nefndi treysti sér ekki í að gera kostnaðaráætlun því þær myndu vilja aðstoð til að útbúa hana. Nefnd að webinar gæti nýst til lengri tíma og minnkar kostnaðinn við fagfólk hjá okkur. IP spyr hvort önnur sérsambönd séu að nýta sér þessa tækni, SHJ nefnir að ÍSÍ og mögulega önnur sambönd eru að nýta sér slíka tækni. MF nefnir að ISU nýtir sér tæknina einnig. Vera búnað að fá kostnaðar áætlun fyrir febrúar fundinn og þá hægt að taka loka ákvörðun.

—
d. *Fjallað var um ákvörðun stjórnar á fundi Tækninefndar í dag um að dómara og tæknifólk fengju einnig DRO réttindi og er nefndin hliðholl því með því skilyrði að bæta við webinar fyrir DRO í menntun starfsfólks til þess að ganga úr skugga um að allir hafi hlotið viðeigandi menntun.*

Tækninefnd fjallaði um ákvörðun stjórnar, ekki er námsefnið mjög mikið á milli 2-5tíma sem bætist við. Nú yrðu allir að taka DRO réttindin með dómara réttindum, þar með erum við búin að lækka kostnaðinn á mótum

hjá okkur. Verið að staðfesta það sem við samþykktum á fyrri fundi.

8. Viðmið

SHJ setti inn stöðuna á uppfærslu á viðmiðunum, þau eru ekki tilbúin til að vera gefin út, en verið að sýna hver staðan er á þeim. Engin með spurningar eins og staðan núna, en ef upp koma spurningar eða athugasemdir að heyra í SHJ með það.

9. Val á fulltrúum á ISU Congress

Þóra Gunnars hefur áhuga að fara á sinn kostnað, eini aðilinn sem hefur lýst yfir áhuga að fara á ISU Congress er María Fortescue framkvæmdastjóri. Stjórn samþykkir að Svava og María fari sem fulltrúar fyrir ÍSS á þingið.

10. Önnur Mál

- a. ÞST spyr hvort hægt er að íslenska JGP í undankeppni heimsmeistaramót unglinga. MF nefnir að góður punktur sem væri vert að skoða nánar, en hægt væri að segja að öll alþjóðlegmót undankeppni stórmóta. SHJ nefnir að allar svona hugmyndir verður að skoða upp á styrkveitingar.
- b. SHJ nefnir að sem Afreksstjóri fer hún sem liðsstjóri á Norðurlandamótið. Skrifstofa hefur verið að skoða möguleikann á því að ferðin sé ekki eins mikil hópferð og að skautarar haft meira frjálsræði í ferðum sínum meira aðlaða ferðina að sínum keppnis dögum, liðsstjóri verður samt á staðnum allan tímann. Hin Norðurlöndin hafa gert þetta svona. En vert að kanna hvernig er best að gera þetta, en líklega háð því hvort foreldrar verði með í ferðinni. IP spyr hvort þurfi að breyta einhverjum reglum fyrir þetta.
- c. MF nefnir hvort að eigi að veita skautakonu ársins viðurkenninguna á jólasýningu félagsins. Er það Kristel sem mun veita Júlíu viðurkenninguna fyrir hönd stjórnar. Íþróttamaður ársins verður krýndur 4.janúar og fer formaður og framkvæmdastjóri yfirleitt á þennan viðburð, en þar sem formaður er ekki á landinu fer varaformaður í staðin.